Grindavík

RÝMINGARÁÆTLUN

Kvikan, menningarhús

Uppfært: nóvember 2026

Ábyrgðaraðili: Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs

Áætlunin gildir ef rýma þarf Kvikuna, Hafnargötu 12a, vegna náttúruvár eða annarra aðstæðna þegar fyrirmæli berast um rýmingu. Starfsmenn skulu ávallt fylgja fyrirmælum almannavarna, lögreglu og annarra viðbragðsaðila.

Áætlunin er yfirfarin í september ár hvert og einnig eftir hvern atburð. Uppfærð og kynnt ef breytingar eru gerðar.

Áætlunin er prófuð reglulega, m.a. við flautuprófanir.

Við rýmingu:

1. Fyrirmæli um rýmingu berast

Þegar fyrirmæli um rýmingu berast, t.d. með SMS-skilaboðum frá 112 eða frá viðbragðsaðilum, skal starfsmaður á vakt bregðast strax við.

Gestir upplýstir og húsið rýmt

Starfsmaður lætur alla gesti vita að rýma þurfi húsið og leiðbeinir þeim um næstu skref í samræmi við fyrirmæli almannavarna og viðbragðsaðila.

2. Börn og aðrir sem þurfa aðstoð

Sérstaklega skal huga að börnum og öðrum gestum sem kunna að þurfa aðstoð við rýmingu.

Séu börn í húsinu á vegum skóla, leikskóla, frístundastarfs eða annars skipulagðs starfs skal ábyrgðaraðili hópsins fylgja viðbragðsáætlun viðkomandi stofnunar og fyrirmælum viðbragðsaðila.

Gestum skal leiðbeint um að fylgja fyrirmælum almannavarna og viðbragðsaðila. Sé einstaklingur farlaus skal hringja í 112 og óska eftir aðstoð við að komast af svæðinu.

3. Yfirferð hússins

Þegar aðstæður leyfa skal starfsmaður á vakt ganga úr skugga um að allir hafi yfirgefið húsið. Fara skal yfir almenningsrými, salerni og önnur rými þar sem gestir kunna að vera.

4. Lokun hússins

Grindavík

Ef það er öruggt og tefur ekki rýmingu skal loka gluggum og læsa útidyrum.

5. Starfsmenn yfirgefa húsið

Starfsmenn yfirgefa Kvikuna þegar staðfest hefur verið, eftir því sem unnt er, að húsið sé tómt. Þeir fylgja síðan fyrirmælum almannavarna og viðbragðsaðila.

6. Útgönguleiðir

Helstu útgönguleiðir úr Kvikunni eru:

- Aðalinngangur/aðalútgangur.
- Neyðarútgangur úr forsal í átt að höfninni.
- Neyðarútgangur innst á efri hæð.
- Dyr úr hitakompu.
- Bílskúrshurð í sýningarsal.

Við rýmingu skal nota næstu öruggu útgönguleið og taka mið af aðstæðum hverju sinni. Ekki skal beina fólki um svæði sem viðbragðsaðilar hafa skilgreint sem óörugg.

Mikilvægt að hafa í huga

Mannslíf og öryggi ganga alltaf fyrir lokun eða frágang hússins. Starfsfólk skal ekki tefja rýmingu til að loka gluggum, læsa dyrum, sækja persónulega muni eða sinna öðrum frágangi ef aðstæður kalla á tafarlausa rýmingu.

Neyðarnúmer: 112